

**Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju
mánudaginn 1. desember 2025 kl. 20:00.**

Fimmtíu konur mættu til fundarins.

Á fundinum voru Hringskonur með fallegt og vandað handverk til sölu og söfnuðu þær dagóðri með sölu á fundinum til Barnaspítalasjóðs Hringsins.

Frændurnir Ásgeir og Þorkell frá Djúpavogi fluttu nokkur lög fyrir fundargesti, bæði jólalög og dægurlög og var vel tekið undir í salnum. Frábærir tónlistarmenn þar á ferðinni og kann félagið þeim bestu þakkir fyrir þeirra framlag til félagsstarfsins.

Oddný Vala, formaður félagsins, afhenti Elmu Eide Pétursdóttur örlítinn afmælisglaðning frá félaginu en hún fagnar 70 ára afmæli síðar í mánuðinum.

Sr. Þorvaldur Víðisson sóknarprestur í Grensáskirkju og Fossvogsprestakalli var gestur fundarins og flutti hann frábært erindi sem gaf hlýtt í hjartað og rifjaði upp fyrir öllum viðstöddum þann kærleik og þau fallettu gildi sem er allt um kring á aðventunni og um jólahátíðina. Þorvaldur á ættir sínar að rekja austur á land í gegnum báða foreldra og var móðir hans, Jóhanna Ásdís Þorvaldsdóttir frá Fáskrúðsfirði með honum á fundinum.

Kaffihlaðborðið var glæsilegt að vanda og var mikið spjallað yfir kaffi og kökum.

Formaður óskaði fundargestum, fyrir hönd stjórnar félagsins, gleðilegrar aðventu og gleðilegra jóla.

Næsti fundur verður mánudaginn 2. febrúar 2026 þar sem það verður fundarfrí í janúar, skv. venju.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.